

**37. fundur skipulagsnefndar haldinn að Hlíðavegi 6,
6. apríl 2017 og hófst hann kl. 13:00**

Fundinn sátu:

Helgi Héðinsson Formaður, Pétur Snæbjörnsson aðalmaður, Birgir Steingrímsson aðalmaður, Hólmgeir Hallgrímsson varamaður, Þorsteinn Gunnarsson sveitarstjóri og Bjarni Reykjalín embættismaður.

Fundargerð ritaði: Þorsteinn Gunnarsson, sveitarstjóri

Dagskrá:

1. Jarðböðin: Nýtt deiliskipulag og breyting á aðalskipulagi - 1703017

Tekið fyrir að nýju erindi dags 22. mars 2017 frá Guðmundi Þór Birgissyni f.h. Jarðbaðanna, þar sem hann sækir um heimild sveitarstjórnar Skútustaðahrepps til að láta vinna nýtt deiliskipulag af lóð Jarðbaðanna á kostnað fyrirtækisins með vísan í 2. mgr. 38. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og skv. meðfylgjandi skipulagslýsingu dags. 22. mars frá Basalt arkitektum, Eflu verkfræðistofu og Teiknistofu arkitekta Gylfa Guðjónssyni og félögum ehf. Við gildistöku nýs deiliskipulags verði eldra deiliskipulag fellt úr gildi. Einnig er óskað eftir því að Skútustaðahreppur geri breytingu á reit 328-S í Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023 til samræmis við tillögu að nýju deiliskipulagi. Afgreiðslu erindisins var frestað á síðasta fundi skipulagsnefndar

Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að umsækjanda verði heimlað að vinna tillögu að deiliskipulagi á kostnað Jarðbaðanna með vísan í 2. mgr. 38. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og skv. meðfylgjandi skipulagslýsingu vegna nýs deiliskipulags og breytinga á aðalskipulagi. Jafnframt verði skipulags- og byggingarfulltrúa falið að leita umsagnar um lýsinguna hjá Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum og kynna hana fyrir almenningi eins og 3. mgr. 40. gr. og 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 mæla fyrir um. Nefndin felur skipulags- og byggingarfulltrúa að efna til almenns kynningarfundar í samráði við umsækjanda, þar sem efni skipulagslýsingar og væntanlegar byggingarfamkvæmdir verði kynntar fyrir almenningi og öðrum hagsmunaaðilum.

2. Múlavegur 7: Umsókn um breytingu á deiliskipulagsskipulagsskilmálum o.fl. - 1703019

Erindi dags. 22. mars 2017 frá Ólafi Presti Stefánssyni þar sem hann óskar eftir að gerð verði breyting á deiliskipulagsskilmálum þéttbýlis Reykjahlíðar skv. meðfylgjandi gögnum:

1. Skissur/ teikningar af fyrirhugaðri nýbyggingu íbúðarhúss, bílskúrs og skipulagi lóðar.

Teikningamar eru unnar af Aldísi Gísladóttur og Casper Berntsen arkitektum hjá Stúdíó Heima.

2. Greinargerð, umsókn og rökstuðningur vegna frávika í deiliskipulagi.

3. Myndir af íbúðarhúsum við Múlaveg og Birkihraun meðfylgjandi greinargerð og tillöguteikningum frá Studio Heima.

Einnig sækir hann um stöðuleyfi fyrir 25 m² timburhúsi á suðvesturhorni byggingarreits á meðan á byggingu hússins stendur, frá apríl 2017 til október 2018.

Núverandi íbúðarhús verður fjarlæggt af lóð. Húsið verður tengt við fráveitu í samráði við byggingarfulltrúa og eins verða lagðar bráðabirðgatengingar á heitu og köldu vatni ásamt rafmagni. Að notkun lokinni verður húsið selt og fjarlæggt.

Hugmyndin er að kaupa ósamsett bjálkahús, raða því saman og einangra aukalega

A. A.

að utan. Krossviðsklæðning kemur utan á einangrun útveggja. Gólf verður einangrað og lagt hitakerfi. Afgreiðsla erindisins var frestað á síðasta fundi nefndarinnar. Formaður skipulagsnefndar og skipulags- og byggingarfulltrúi funduðu með umsækjanda s.l. mánudag 3. apríl þar sem hann gerði nánari grein fyrir byggingaráformunum.

Skipulagsnefnd heimilar umsækjanda að leggja fyrir nefndina nýjar tillöguteikningar í þeim anda sem rætt var á fyrrnefndum fundi 3. apríl s.l.

Nefndin tekur jákvætt í umsókn um tímabundið stöðuleyfi en afgreiðsla á því verður tekin til afgreiðslu samhliða afgreiðslu á byggingarleyfi þegar skilað hefur verið inn til skipulags- og byggingarfulltrúa tilskildum gögnum til útgáfu byggingarleyfis.

3. Kröflulína 3: Beiðni um umsögn - 1703018

Erindi dags. 13. mars 2017 frá Skipulagsstofnun vegna frummatsskýrslu um mat á umhverfisáhrifum Kröflulínu 3, Skútustaðahreppi, Fljótsdalshéraði og Fljótsdalshreppi sem Landsnet hefur tilkynnt til Skipulagsstofnunar.

Samkvæmt 10. gr. laga nr. 106/200 óskar Skipulagsstofnun eftir að Skútustaðahreppur gefi umsögn/álit um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar í samræmi við 24. gr. reglugerðar nr. 660/2015 um mat á umhverfisáhrifum.

Í umsögn skal umsagnaraðili á grundvelli starfssviðs hans gera grein fyrir hvort hann telji að á fullnægjandi hátt sé gerð grein fyrir fyrirhugaðri framkvæmd og umhverfi, umhverfisáhrifum og mati framkvæmdaaðila á þeim, þörf á að kanna tiltekin atriði frekar, mótvægisáhrifum og vöktun. Einnig óskar Skipulagsstofnun eftir því að í umsögn Skútustaðahrepps fyrir 10. apríl 2017 komi fram, eftir því sem við á, hvaða leyfi framkvæmdin er háð og varðar starfssvið umsagnaraðila.

Skipulagsnefnd Skútustaðahrepps telur að á fullnægjandi hátt sé gerð grein fyrir fyrirhugaðri framkvæmd og umhverfi, umhverfisáhrifum, mótvægisáhrifum, vöktun og mati framkvæmdaaðila á þeim og telur ekki þörf á að kanna tiltekin atriði frekar. Nefndin er sammála um að valin verði leið B4 við Kröfluvirkjun undir línustæði en gerir að öðru leyti ekki athugasemdir við fyrirliggjandi tillögu.

Skútustaðahreppur hefur skipulagsvaldið í sveitarfélaginu og er einnig leyfisveitandi vegna útgáfu framkvæmdaleyfa skv. reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012.

4. Skýrsla skipulags- og byggingarfulltrúa - 1702022

Skipulags- og byggingarfulltrúi gerði grein fyrir stöðu mála og verkefna sem falla undir hans verkswið í sveitarfélaginu.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 14:00

Helsi Hedinsson

Róbert Þótorsson

Halldór Guðmundsson

Ólafur Guðmundsson

Þorgeir Skerfvingur

Þorsteinn Þorgeirsson